



# Safnaðarfréttindi

# Seljasóknar

30. ÁRG. 2. TBL. Október 2009



Veturinn er að hefjast

**Fastir liðir  
safnaðarstarfsins  
í Seljakirkju á  
baksíðu**

## Til hvers er kirkjustarfið?

Þegar hafist var handa við byggingu kirkjuhúss í Seljahverfi sem var þá nýtt byggingahverfi, var þessi spurning borin fram. Bæði var það af þeim sem sáu ekki tilgang í því að byggja kirkju og ekki síður frá okkur hinum sem unnum að kirkjubyggingunni. Svar okkar sem að byggingunni stóðum var það, að kirkjustarfið væri til þess að þjóna íbúum hverfisins. Að því skyldi allt miða. Kirkjumíðstöðin komst upp, við eigum hana saman, hún á að þjóna okkur til hins góða. Það fáum við líka að þiggja, þegar reynir á í lífinu, og sú nauðsyn er skýr að það koma þær stundir þar

sem dýrmætast er að geta beðið bænirnar sínar og þekkja Guð. - Nú þegar sverfur að hjá íslenskri þjóð, eru reyndar ekki á ferðinni þær hörmungar og missir sem verst verða. En þó, - áminning um að meta rétt stöðu sína og horfa til þess sem er dýrmætt. Starfið í kirkjunni okkar er til þess að þjóna okkur í þeirri stöðu. Við höfum þörf fyrir að skoða líf okkar í ljósi þess sem í kirkjunni er boðað og tala við þann Guð, sem sér lengra en við og er tilbúinn til að hjálpa okkur. Til þess er kirkjustarfið. Hittumst þar.

Valgeir Ástráðsson

## Það er líka hert að kirkjustarfinu

Hún er mikil umræðan í samfélaginu um niðurskurð og kreppu, sem krefst aðgæslu og endurskipulagningar. Að sjálfsgöðu snertir það einnig starf kirkju og safnaðanna. Rekstur þess mikla starfs sem er í Seljakirkju kostar mikið. Tekjur safnaðarins eru sóknar-gjöld, en þau eru framlög safnaðar-fólks til kirkjustarfsins og fyrir þau er starfið rekið. Þar hefur eins og annars staðar orðið mikil skerðing sem óneitanlega hlýtur að hafa áhrif. Sóknarnefnd, sem hefur með fjármál safnaðarins að gera og fjárhagslegan rekstur, hefur unnið mikið starf til þess að breytingin þurfi sem minnst að koma niður á þeim starfsþáttum sem síst má skerða. Það er ljóst að við aðstæður kreppunnar, má ekki skerða það starf sem unnið er í kirkjunni. Með því skyldum við líka, allt safnaðarfólk, muna það hverja stund, að starf kirkjunnar okkar er starf okkar allra. Þar þarf hver einasti ábyrgur einstaklingur að leggja sitt fram.



Vetrardagskrá Seljakirkju er hægt að sjá hér í safnaðarblaðinu. Þar er ljóst að við höldum vöku okkar, þar er metnaðarfullt starf. Það þurfum við að styðja á allan hátt, til þess að þar þurfi sem minnst úr að falla.

## Menningarsamverur „heldri borgara“

Síðasta þriðjudag hvers mánaðar eru samkomur í Seljakirkju fyrir eldri borgara, þá sem við kjósum með réttu að kalla „heldri borgara“. Þessar samverur hefjast í kirkjunni kl. 18 með helgistund. Síðan er dagskrárefni, sem fellur að tilefni og áheyrendum. Að því loknu eru vönduð tónlistaratriði, oft höfum við notið okkar kunnasta tónlistarfólks. Að lokinni samveru í kirkjunni er gengið til

safnaðarsalar og snædd létt máltíð. Þar gefst gott tækifæri til þess að spjalla og hitta félagi og vini. Til þessara stunda eru allir velkomnir, en um þátttöku þarf að láta vita í síma kirkjunnar vegna matarins. Næsta samvera verður þriðjudaginn 27. október og síðan 24. nóvember, en þá er aðventan byrjuð og dagskrá verður með þeim brag.

## Kirkjukór Seljakirkju óskar eftir söngfólki

Æfingar eru á þriðjudagskvöldum frá kl. 19:30 – 21:30 í Seljakirkju.

Auk þátttöku í hefðbundnu helgihaldi stefnir kórinn að spennandi tónleikum fyrir jólin. Áhugasamir hafi samband við söngstjóran, Tómas Guðna Eggertsson í síma 866 1823, netfangið: tomaseggertsson@gmail.com



# Fréttir

## Organisti lætur af störfum

Jón Bjarnason var ráðinn tónlistarstjóri Seljasafnaðar árið 2003. Hann starfaði óslitið við Seljakirkju þar til að hann á liðnu sumri var ráðinn organisti við Skálholtskirkju og aðrar kirkjur í því prestakalli. Jón var hér vel látinn í starfi, sýndi þar ljúfmennsku og var kær öllu samstarfsfólki. Honum eru þökkuð störf og beðið blessunar í nýjum störfum.

## Barnakórinn

Anna Margrét Óskarsdóttir, stjórnandi barnakórsins var í leyfi síðastliðinn vetur en hefur nú tekið aftur við stjórn kórsins. Með starfi kórsins er lögð áhersla á tónlistaruppeldi, rétta raddbeitingu, ásamt góðu og líflegu félagsstarfi. Á undanförunum árum hefur kórinn komið fram við almennar guðsþjónustur og barnaguðsþjónustur í kirkjunni og sungið meðal annars á öldrunarheimilum sóknarinnar. Það er farsælt að taka þátt í þannig starfi til uppbyggingar og þroska. Nýir félagar velkomnir, æfingar barnakórsins eru á þriðjudögum kl. 15.

## Guðmundur kirkjuvörður lætur af störfum

Guðmundur Guðmundsson var ráðinn annar af kirkjuvörðum Seljakirkju árið 1997. Hann hefur starfað síðan við kirkjuna allt þar til að hann lét af störfum síðastliðið sumar. Þeim sem hafa mætt Guðmundi við störf á þeim tíma er eftirsjá í þeim góða starfsmanni, hann vann af þeirri alúð og festu sem skipti miklu máli. Þeim heiðursmanni eru þökkuð góð störf. Megi heill og blessun fylgja honum og fjölskyldu hans.

## Aðalfundur Seljasóknar

Sá árlegi fundur var haldinn að lokinni guðsþjónustu 17. maí s.l. Svo sem lög mæla fyrir um voru þar bornar fram skýrslur um starf og reikninga, ásamt öðrum málum safnaðarins.

Sóknarnefnd Seljasóknar er nú þannig skipuð:

Formaður:

Guðmundur Hjálmarsson, Ystaseli 7  
Varaformaður:

Dóra Ingvarsdóttir, Stapaseli 13  
Gjaldkeri:

Eymundur Runólfsson, Stuðlaseli 42  
Ritari:

Björg Sigurðardóttir, Melseli 2

Meðstjórnendur:

Aðalheiður Jónsdóttir, Hjallaseli 20

Guðmundur Gíslason, Stapaseli 12

Jenetta Bárðardóttir, Akraseli 20

Kristín E. Guðmundsd., Engjaseli 84

Matthildur Sverrisdóttir, Lindarseli 1

### Varamenn:

Áslaug Sigurðardóttir, Lindarseli 8

Davíð Stefán Guðmundss, Lambaseli 3

Ingibjörg Hallgrímsdóttir, Stuðlaseli 4

Jónína Bjartmarz, Klyfjaseli 18

Kristín Ísfeld, Melseli 1

Lárus Loftsson, Þverárseli 12

Sveinbjörn V. Egilsson, Fljótsemi 4

Valdimar Pétursson, Ljárskógum 7

Valgerður Jóhannesd., Ljárskógum 6

## Heimasíða kirkjunnar

Það má fylgjast með fréttum af starfi kirkjunnar á heimasíðu safnaðarins.

Þar er reynt að hafa allar fréttir nýjar þannig að þær gefi góðar upplýsingar um það sem framundan er. Slóðin er:

<http://www.seljakirkja.is>



Safnaðartíðindi Seljasóknar  
30. árg. 2. tbl. Október 2009

Seljakirkja  
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110  
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson  
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson  
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson  
Prentun: Svansprent hf.  
Upplag: 3000 eintök.

## Nýr tónlistarstjóri kirkjunnar



Tómas Guðni Eggertsson hefur verið ráðinn til starfa við Seljakirkju sem organisti og umsjónarmaður tónlistarstarfs. Hann hefur mikla og víðtæka menntun og starfsreynslu sem tónlistarmaður. Lauk prófi í píanóleik frá Nýja tónlistarskólanum, einnig framhaldsnámi í píanóleik frá Royal Scottish Academy of Music í Glasgow. Hér heima lauk hann síðan kantorsnámi auk einleikaraprófs í orgelleik við Tónskóla Þjóðkirkjunnar. Hann hefur komið fram á fjölda tónleika hér heima og erlendis, bæði sem píanóleikari og orgelleikari og verið þar í samstarfi við fjölda þekkra tónlistarmanna. Við þau störf er hann vel metinn og kunnur. Í Seljakirkju er Tómas Guðni boðinn velkominn til starfa. Það er safnaðarstarfinu lán að fá mann sem kann til verka og er mikils af honum vænst.

## Nýr kirkjuvörður



Kirkjuverðirnir í Seljakirkju, Guðný og Freyja

Starf kirkjuvarðar við kirkjumíðstöðina okkar er ábyrgðarmikið starf. Að sjá um að allt sé til reiðu og mæta hinum ýmsu þörfum þess mikla fjölda sem til kirkjunnar kemur er verk sem krefst mikils. Þar hefur verið gott fólk í starfi. Guðný Skarp-héðinsdóttir er tengd starfi safnaðarins frá fyrstu tíð og á þar frábæran feril. Freyja Helgadóttir hefur nú verið ráðin til að taka við starfi Guðmundar Guðmundssonar, sem lét af störfum fyrir skömmu. Freyja hefur verið í ýmsum störfum við kirkjumíðstöðina um nokkurt skeið og m.a. við afleysingu kirkjuvarða og hefur getið sér gott orð. Nú tekur hún við því starfi og mun vinna við hlið Guðnýjar. Við bjóðum hana velkomna til starfa.

## Fjallræðan – þörf lesning

Undanfarin ár hafa verið fyrirlestrar í Seljakirkju um hin ýmsu efni Biblíunnar til þess auka skilning á Biblíunni, bók bókanna. Í Biblíunni er að finna þá fjársjóði sem mestir eru og öll vestræn menning er mótuð af. Í fyrirlestrunum er byggt á rannsóknum biblíuvísinda nútímans, sem eru mikil í textarannsóknum, fornleifafræði, menningarsögu, svo eitthvað sé nefnt. Sr. Valgeir Ástráðsson annast þessa

fyrirlestra. Við lok hvers fyrirlesturs eru umræður. Þeir eru annan hvern miðvikudag, hefjast kl. 19:30 og lýkur kl. 21. Nú í ár er fjallað um „Fjallræðu Jesú“, þar sem er að finna margt af því stórkostlegasta í kenningu kristinnar. Allir eru velkomnir til þátttöku og hún er endurgjaldslaus. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu kirkjunnar.

**Guðsþjónustur í Seljakirkju  
hvern helgan dag kl. 14.**

**Barnaguðsþjónustur í Seljakirkju  
alla sunnudaga kl. 11.**



# Vetrardagskráin 2009 - 2010

## Almennar guðspjónustur sunnudaga kl. 14

Í guðspjónustu sunnudagsins sameinast allir þættir safnaðarstarfsins. Þar leggur hver og einn fram bænir sínar og þakklæti til Guðs. Sambæn safnaðarins er skylda hvers kristins manns og jafnframt tækifæri hans. Í guðspjónustunni er lögð áhersla á almenna þátttöku. Altarisganga er síðasta sunnudag hvers mánaðar.

## Barnaguðspjónustur sunnudaga kl. 11

Það eru guðspjónustur sem eru einkum ætlaðar börnum og foreldrum þeirra. Þar er sameinast um söng og gleði. Fræðsla er miðuð við þarfir barnanna og skilning.

## Kvöldguðspjónustur

Þriðja sunnudag hvers mánaðar eru einnig kvöldguðspjónustur, sem hefjast kl. 20. Prestar kirkjunnar þjóna þar en Þorvaldur Halldórsson stjórnar tónlistinni og syngur ásamt kirkjukórnum. Við hverja kvöldguðspjónustu er altarisganga.

## Fyrirbænauguðspjónustur fimmtudaga kl. 18

Þar er beðið fyrir einstaklingum og hópum. Fyrirbænaefnum má koma til skrifstofu kirkjunnar. Þar eru allir velkomnir til þátttöku. Það er gott að geta sjálfur borið fram bænaefni í kirkjunni sinni.

## Guðspjónustur Skógarbæ

Síðasta sunnudag hvers mánaðar eru guðspjónustur í Skógarbæ. Þær hefjast kl. 16. Þær guðspjónustur eru að sjálfsögðu öllum opnar.

## Mömmumorgnar þriðjudaga kl. 10

Það eru samverur sem ætlaðar eru mæðrum og börnum þeirra, allt til þeirra yngstu. Dagskráin er óformleg, rætt um málefni er varða börn og uppeldi. Einnig verða kynningar, sem snerta það efni.

## Menningarvaka heldri borgara

Við kjósum að segja samkomur fyrir eldri borgara vera fyrir þá heldri. Þær eru síðasta þriðjudag hvers mánaðar yfir vetrartímann og hefjast kl. 18. Dagskrá er tengd skemmtun og spjalli. Við lok hverrar samveru er léttur málsverður.

## Kvenfélag Seljasóknar

Fundir kvenfélagsins eru fyrsta þriðjudag hvers mánaðar. Þar er fengist við fjölbreytt efni, skemmtun, fræðslu og námskeið.

## Biblíulestrar

Lestur Biblíunnar er eitt af stóru verkefnum kristins manns og ótæmandi sjóður blessunar og visku. Á þessum samverum, sem eru annan hvern miðvikudag og hefjast kl. 19.30 er um það fjallað. Þennan veturinn er tekin fyrir Fjallræða Jesú. Byggjast samverurnar upp á fyrirlestri og umræðum. Þátttaka er öllum heimil og ekki eru greidd námskeiðsgjöld.

## Fermingarfræðsla

Sú fræðsla hefst með skólum að hausti. Fermingar byrja í lok marsmánaðar. Fermingarbörn og fjölskyldur þeirra undirbúa ferminguna til þess tíma. Fermingartímar eru samkvæmt stundaskrá.

## Æskulýðsfélagið Sela fimmtudaga kl. 20

Starf fyrir unglunga í 8. - 10. bekk og fer fram á margvíslegan hátt. Reglulegir fundir eru á fimmtudögum kl. 20 - 21.30. Dagskrá fundanna er fjölbreytt.

## KFUK í Seljakirkju mánudaga kl. 17:30

Fundir eru fyrir 9 - 12 ára stelpur. Fundaefni eru fjölbreytt, fræðsla, leikir, söngvar og gaman.

## KFUM í Seljakirkju fimmtudaga kl. 16:30

Það eru fundir fyrir 9 - 12 ára stráka. Þar hittast hressir strákar við margs konar skemmtileg viðfangsefni.

## Frímerkjaklúbbur þriðjudaga kl. 17

Seljasókn og félag Skandinavíusafnara standa að því starfi fyrir börn og unglunga. Þar fer fram fræðsla og aðstoð við frímerkjasöfnun.

## Barnakór Seljakirkju þriðjudaga kl. 15

Barnakór kirkjunnar er ætlaður börnum í fjórða bekk og ofar. Kórinn æfir til þátttöku í athöfnum kirkjunnar. Þar fer fram þjálfun við raddbeitingu og framkomu. Stjórnandi barnakórsins er Anna Margrét Óskarsdóttir.

## Kór Seljakirkju þriðjudaga kl. 19:30

Kirkjukórinn leiðir söng við guðspjónustur safnaðarins og flytur einnig fjölbreytta tónlist þar. Kennendur raddbeiting. Stjórnandi kórsins er Tómas Guðni Eggertsson, tónlistarstjóri Seljakirkju.

## Seljur, kór kvenfélagsins miðvikudaga kl. 19:30

Seljurnar eru kvennakór, þar sem er fjölbreytt efnisskrá og hress félagsandi. Kórinn æfir í viku hverri og heldur tónleika að vori. Stjórnandi Seljanna er Svava Ingólfssdóttir.

## AA fundir

Í Seljakirkju starfa fjórar deildir. Opnir fundir eru á sunnudagskvöldum kl. 21. Sporadeildarfundir eru mánudaga kl. 19.30. Almennir fundir eru á fimmtudögum kl. 19 og laugardögum kl. 16.

**Tökum þátt í  
safnaðarstarfinu!**